

Nú eru að verða síðustu forvöð að skrá sig í vorferðina okkar.
Nokkur sæti laus.

Sumarferð FaMos miðvikudaginn 7. júní 2023.



Með okkur alla ferðina verður hinn frábæri fararstjóri **Valdimar Bragason** frá **Selfossi**.

Brottför 9:30 frá fjölbrautarskólanum í Mosó, Bjarkarholti.
En vinsamlega mætið fyrir. Rútan kemur kl. 9:00.

Keyrt verður frá Mosfellsbæ, Þingvellir, Laugarvatn og nýji vegurinn til Reykholts. **Hádegismatur** borðaður í Friðheimum eftir smá kynningu á ræktuninni, súpa og meðlæti. Eplapæ í desert. Keyrt sem leið liggur til Selfoss þar sem Valdimar verður með frábæra leiðsögn um nýja miðbæinn. Eftir það þá þurfum við hressingu sem verður hjá Almari bakara á Selfossi (nýi salurinn), kaffi og meðlæti.

Heimkoma áætluð í síðasta lagi kl. 18:00.

Meðan á ferðinni stendur verður boðið upp á smá **brjóstbirtu** 🍷 og **munngát**.

Verð 12.500,- / Lagt inn hjá FaMos / kt. 471102-2450 /
banki 0315-13-301697.

GLEÐJUMST SAMAN OG HÖFUM GAMAN.